

Alþingi
Erindi nr. P 132/509
komudagur 12.12.2005



Athugasemdir við tillögu til þingsálíktunar um vegagerð um Stórasand.
Pskj.43 – 43. mál.

Undirritaður er allt annað en ánægður með tillögunu í heild og einkum af tveimur ástæðum:

A) Röng áhersla í samgöngum. Tengivegir í byggð í Húnavatnsýslum mjög lélegir, illa upp byggðir og verða oftast illfærir við fyrstu snjóa. Nánast undatekningarlaust án bundins slitlags.
(Hér á þessu svæði er t.d. 2 gistaðir, Laxahvammur og Brekkulækur þar sem eru 20 –30 manns, gesir og starfsfólk í 3-5 mánuði á ári en tengingin við þjóðveginn hefur verið óbreytt 40 ár.

B) Styrkur okkar okkar hér í Húnavatnssýslum í ferðaþjónustu og skipulagningu ferða er náglægðin við þetta algerlega ósnortna svæði sem þetta hálendissvæði vestan Langjökuls (Stórisandur Arnarvatnsheiði Tvídægra) er nú.
Til viðbótar töfrum óbyggðanna þá hefur svæðið þá sérstöðu að vera að stórum hluta gróið og þar af leiðandi er þar mikið fuglalíf. Fiskignægð Arnarvatnsheiðar er landsþekkt.
Við hér á Brekkulæk höfum undanfarin 27 ár skipulagt 10 –20 ferðir á ári á þetta svæði. Hestaferðir en þó einkum gönguferðir. Þátttakendur hafa verið nánast eingöngu erlendir og segja má svæðið sé að komast á kortið hjá erlendu útivistarfólki sem mjög áhugavert ósnortið svæði.

Vegagerð um Stórasand mun að sjálfsögðu ekki hafa áhrif á fuglalæífið eða fiskgengdina til að byrja með en “Töfrar óbyggðana” munu hverfa og sú ferðaþjónusta sem við höfum verið að byggja upp (og gæti verið miklu meiri) mun leggjast af.

Brekkulæk, 7.12.2005

Arinbjörn Jóhannsson

Eilífðin er heil eilífð

Gömul saga gefur okkur svarið við því hversu löng eilífðin er. Einhvers staðar í fjarlægju landi stendur hátt fjall. Á hundrað ára fresti tyllir sér líttill fugl á fjallstindinn og brýnir þar gogginn. Þegar fjallið er uppurið hefur liðið eitt andartak af eilífðinni.

Þegar ég hugsa um Arnarvatnsheiði, þá hugsa ég um eilífðina. Mér finnst mjög fallegt og gagnlegt að hugsa um eilífðina. Það hjálpar oft þegar hversdagslegir hlutir verða yfirþyrmandi. Löngu áður en ég sjálf varð þeirrar reynslu aðnjótandi að fara fótgangandi yfir heiðina þá kom vinkona mín frá Þýskalandi og fór í nokkurra daga hestaferð ásamt litlum hópi með Arinbirni á Brekkulæk um Arnarvatnsheiði. Hún hafði aldrei komið á hestbak og hún hafði heldur eiginlega aldrei komist langt út úr stórborginni. Það er mjög sérkennilegt fyrir þá sem aldrei hafa verið í þeirri aðstöðu að geta horft endalaust út í buskann án þess að sjá manneskju eða mannvirki að upplifa það í fyrsta sinn og ekki bara í einn dag heldur í heila viku. Það gerði þessi vinkona mín. Hún kom til baka og hafði orðið margt vísari. Ekki um það hvernig Íslendingar búa eða ferðast. Heldur ekki um það hvernig ætti að sitja hest, því ekki ánetjaðist hún þeirri íþrótt. Nei, hún hafði komist í snertingu við eilífðina. Og það er ekki svo lítið. Þetta var vitsmunaleg og um leið tilfinningaleg upplifun. Og hún var að sjálfsögðu ólýsanleg.

Þegar ég sjálf fór að ganga yfir Arnarvatnsheiði með þýskum gönguhópum þá skildi ég mæta vel og alveg í botn hvað vinkona mín átti við. Ég gekk leiðina frá Surtshelli um Álftakrök, inn í Fljótsdrög, upp í gíginn sem Hallmundarhraun rann úr fyrir 1100 árum, og upp á jökulstallana utan í Langjökli, þaðan um Langajörfa, yfir Skammá milli Réttarvatns og Arnarvatns, framhá Strípalónum og niður af heiðinni fram hjá Hólmavatni og niður í Miðfjörð. Eitt sinni eyddi ég helgi í göngu á Sléttafell með tilheyrandi baði í Skessukötlunum í Síká. Allt þetta svæði býr yfir sérkennilegri og seiðandi náttúruvegurð, einstæðri og ólíkri því sem maður upplifir annars staðar í óbyggðum. Þar hef ég samanburð við jafn ólík svæði og Lónsöræfi, Kjöl, Laugaveginn og Fjallabak, Hornstrandir, Tröllaskaga og Fjörður og fjallendið á milli Skagafjarðar og Langadals svo eitthvað sé nefnt af þeim óbyggðum sem ég hef trítlað um.

Arnarvatnsheiði og Tvídægra koma manni í snertingu við eilífðina á lífrænan hátt. Hinn ótrúlegi gróður. Hver lófastór blettur býður uppá glaðning, lítið

galdraverk í jurталíki, líka á melöldunum og því sem í fljótu bragði virðist foksandur. Vötnin stór og smá öll krökk af lífi. Fiskar undir, fuglar yfir. Himbrimapör, álfapör, andapör. Og allt um kring mófuglar. Upp til jökla fálkar og smyrlar. Og af og til birtist herra Refur og trítlar hringinn í kringum um ferðalanginn og forvitnin er gagnkvæm. Flugan er sérlega lífræn og sólgin í samvistir við þær manneskjur sem voga sér yfir heiðina. Hið merkilega gerðist í ferðum mínum með þýsku göngugörpunum að hún var alltaf mjög tillitssöm við þá. Hún leit ekki við þeim. Þeim mun stærri toll fannst henni tilhlýðilegt að taka af vikingablóði fararstjórans. Ég var alltaf jafn óviðbúin þessum árásum, ef frá eru talin flugnanetin, sem allir gengu með þegar flugan var í þannig skapi. Oft vissi ég ekki fyrr til en ég leit út eins og norskt lukkutroll í framan og hendurnar eins og uppblásnir gúmmihanskar. En ég fyrirgaf flugunni auðvitað óðfluga, því betra var að bíta mig en gestina. Þar að auki hefur flugan alltaf átt heima þarna – nánast um alla eilífð – en við vorum bara aðskotadýr.

Gígurinn mikli sem Hallmundarhraun rann úr – er magnað og ægifagurt náttúruyfyrirbæri. Gígurinn ber ekkert nafn. Heitir bara Gígur. Upp að honum er um 9 km ganga frá kofanum í Fljótsdrögum. Hann sést langt að og er í raun margir gígar, hver innan í öðrum. Ætli þvermál ystu gígsbrúnar sé ekki einir 2 kílómetrar. Maður stíkar með áfergju innar og innar í gíginn og fíkrar sig eftir sprunginni hraunskorpunni upp á innsta barminn uns maður stendur í miðjunni og horfir á risastóran tappa sem er áþreifanlegt merki um goslok. Dúnmjúkar mosapembur bjóða manni sæti og maður tekur því boði að sjálfsögðu. Þó með ákveðinni auðmýkt og virðingu. Manni finnst gígurinn vera snarlifandi, hann hefur bara aðeins fengið sér blund. Og hvað ef tappinn fyki nú uppúr og allt færi af stað, ja, þá fyki maður bara með! Hvílik fegurð og djúp kyrrð sem þarna ríkir. Útsýnið er óviðjafnanlegt. Eiríksjökull fyrir vestan, Jökulkrókur með Flosaskarði fyrir sunnan, Langjökull rennur framhjá manni í seilingarfjarlægð austan megin og ekki nema 100 metrar uppá jökulstallana frá gígnum. Lengst í norðri – eins langt og augað eygir – kúrir Drangajökull á milli Strandafjallanna eins og álf á eggjum og á milli breiðir allt landið úr sér, heiðin og vötnin, firðir og fjöll. Nákvæmlega þarna er einn af heilögum stöðum Íslands og þarna ríkir eilífðin svo sannarlega. Það er erfitt að hafa sig af svona stað og maður kveður með þeirri vitneskju að hann muni alltaf toga í mann, seiða mann til sín.

Arnarvatnsheiði á sitt tungumál. Það er fuglamál. Það flytur skýr skilaboð milli maka, unga og vinfugla og er breytilegt eftir tíma dagsins, búsgum og óvæntum aðstæðum í fuglheimi. Hvert flugtak og landing á vötnunum er framkvæmt með glæsileik og af öryggi og flugstjórnarnir fara saman yfir

tékklistann á fluginu og strax eftir landingu. Það er að mörgu að hyggja. Og allir eru með blindflugsréttindi. Í þokunni sem fellur á fyrirvaralaust magnast himbrimahljóðið á draugalegan hátt og risapúfurnar verða umsvifalaust að híbýlum álfa og trölla.

Það eru ógrynni af undrum og töfrum á þessari heiði og seint verður allt upp talið. Eina mynd verð ég að hafa með. Það er miðnætti við Grandalón í júní og júlí. Sólin er risastór og sigur niður fyrir sjóndeildarhringinn í hánorðri. Í háloftunum eru feitir skýjabólstrar. Þeir taka á sig gylltan og síðan rauðan lit. Á sama andartaki fyllast vötnin af blóði. Þessi sjónhverfing varir í margar mínútur og þegar sjónarspilinu lýkur er maður djúpt snortinn. En því lýkur í rauninni ekki, því það lifir áfram í minningunum, það verður hluti af Arnarvatnsheiðinni. Óbyggðir, ónumið land, ósnortið land eins og það hefur fengið að þróast frá því eilífðin hófst hér á landi.

Og ég á þessa upplifun. Á sama hátt og maður á í hjartanu og sálinni þau fjöll sem maður hefur klifið og þær sögur sem maður hefur heyrt og þær leiksyningar sem maður hefur séð og svo framvegis. Allt vikkar þetta sjóndeildarhringinn í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Þetta er hið eiginlega landnám sem við getum stundað nú á dögum, þegar hver lófastór blettur á jörðinni hefur verið numinn, kannaður og kortlagður. Inni í hausnum á manni eru hins vegar stór og ónumin lönd og þar getur hver og einn stundað umhverfisvæna landvinninga.

Landnám hefur mér allt fundist heillandi. Líka landkönnuðir. Ég hef alltaf verið full aðdáunar á þeim. Þeir sigldu bara af stað til að leita landa sem þeir höfðu oft ekki einu sinni hugboð um að væru til. Ég hef oft hugsað um þá upplifun sem það hefur verið fyrir landnámsmennina þegar þeir nálguðust Ísland. Eftir langa sjóferð reis landið úr hafi. Þeir komu nær. Ákváðu hvar þeir ætluðu að kasta akkerum. Stigu um borð í julluna og reru að landi. Ösluðu upp á fjörुकambinn og svipuðust um. Þeir gátu horft og horft. Lengst inn í fjarskann. Hvílikt frelsi sem þeir höfðu. Enginn átti landið. Þeir gátu numið það. Ekki allt þó. Þeir stikuðu út sinn skika og deildu síðan landinu með eilífðinni sem hafði ein setið að því á undan þeim.

Það eru ákveðin lögmál sem gilda um Ísland. Frá náttúrunnar hendi. Það er dimmt og kalt á veturna. Það er bjart og hlýrra á sumrin. Það snjóar fyrr til fjalla og vetur sest þar fyrr að. Menntuðu sig fljótt á því að það var affarasælast að lifa í takt við þetta lögmál. Þjóðin átti vetrarlíf og sumarlíf. Á veturna dróst hún inn í bæina og niður að ströndinni, á sumrin þandist lífið út og upp til fjalla. Þetta hefur í raun ekkert breyst í 1100 ár. Það er ekki í okkar

valdi að breyta lögmálunum. Við beygjum okkur undir þau og lifum með þeim.

Í mínum huga hljómar það eins og tilraun til að breyta lögmálum að hugsa sér hraðbraut upp frá Húsafelli, fram hjá Arnarvatni og yfir Stórasand. Hraðbraut á þessu svæði yfirleitt. Það getur ekki verið að nokkur þeirra vegalengdarstyttingarsinna sem dreymir um þetta mannvirki hafi nokkurn tíma komið upp á heiðina.

Í umræðunni eru færð ýmis rök á móti sem lúta að veðráttu, öryggi og þéttbýlisstöðum sem verða útundan. Þau eru öll góð og gild, en sterkustu rökin – sem eru ofar öllum öðrum – eru rök náttúrunnar sjálfrar. Þetta svæði allt saman er ein heilsteypt náttúruperla sem ekki má rista í sundur með hraðbraut. Við, sem höfum afnot af þessari eyju, Íslandi, eitt andartak af eilífðinni, höfum ekki leyfi til þess að ganga á þau auðæfi og þær auðlindir sem felast í ósnortnum óbyggðum.

Það er merkilegt – en staðreynd – að það eru miklu fleiri Þjóðverjar en nokkru sinni Íslendingar sem á hverju sumri fara fótgangandi um Arnarvatnsheiði. Leiðina sem ferðabændur á Brekkulæk í Miðfirði stikuðu fyrir 25 árum og stuðluðu þannig að ógleymanlegri náttúruupplifun fyrir hundruð Þjóðverja, líka Svisslendinga og Austurríkismanna.

Arnavatnsheiði er þannig ónumið land og fjársjóður fyrir útivistarfólk. Hún á eftir að gleðja og næra um alla eilífð ef við berum gæfu til að skilja það að landið er ekki einnota.

Nýtum þetta ævintýraland á vistvænan hátt. Þannig gefur það mest af sér. Við högnumst meira á því að eiga perlurnar en henda þeim fyrir 40 kílómetra á fleygiferð inn í eilífðina.

Sá sem geysist inn í eilífðina fær aldrei að upplifa eilífðina.